



Reykjavík, 9. mars 2026
SFS26030035

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Jörfa

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 9. mars 2026 var lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 2. mars 2026:

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Jörfa verði breytt úr 92 börnum í 117 börn.

Greinargerð fylgdi.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.
Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Virðingarfyllt

Steinn Jóhannsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Hjálagt:
Tillaga ásamt greinargerð, dags. 2. mars 2026
Umsögn foreldraráðs, ódags.



Reykjavík



TILLAGA

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Steinn Jóhannsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um breytingu á fjölda barna í leikskólanum Jörfa

Lagt er til að fjölda barna í leikskólanum Jörfa verði breytt úr 92 börnum í 117 börn.

Greinargerð

Í leikskólanum Jörfa, Hæðargarði 27a, er auk aðalhúss, hús á bílastæði leikskólans og er leyfi fyrir 92 börn í skólanum. Húsnæði leikskólans Garðaborgar, Bústaðaveg 81, hefur verið endurnýjað og sett undir leikskólann Jörfa og heitir það hús núna Litli Jörfi. Það hús var opnað 8. september 2025. Með Litla Jörfa bætast við 40 pláss í leikskólann. Auka hús á bílastæði verður fjarlæggt vorið 2026 og fækkar þá um 12 pláss. Búið var að bjóða í hluta pláss sem bættust við þegar Litli Jörfi var opnaður í september 2025 en þá bættust við tvær deildir. Aukahúsið er ekki nýtt sem deild enda stendur til að flytja það á vormánuðum. Síðar stendur til að bæta við stærra aukahúsi og mun þá börnum fjölga.

Nú fer Jörfi úr að vera 5 deilda skóli með 92 börn í 6 deilda skóla með 117 börn í september 2026. Búið er að bjóða í öll þau pláss sem bættust við.

Fjöldi deilda og barna í september 2026 verður eftirfarandi:

Aðalhús	4 deildir	89 börn	
Auka hús á bílastæði	-1 deild	-12 börn	fækkun um 12 börn
Litli Jörfi	2 deildir	40 börn	aukning um 40 börn
Samtals		117 börn	

Við þessa stækkun er óskað eftir að rekstrarleyfi Jörfa fari úr 92 börnum í 117 börn.

Umsögn foreldraráðs liggur fyrir.



Sviðstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar

Hér með leggur foreldraráð leikskólans Jörfa fram umsögn vegna tillögu sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að hækka skráðan fjölda barna í leikskólanum Jörfa úr 92 í 110.

Almennt mat:

- Foreldraráð tekur jákvætt í stækkun vegna opnunar litla Jörfa.
- Við lítum á það jákvæðum augum að leikskólaplássum fjölgi í hverfinu.

Ábendingar:

- Aðalhús rúmar 80 börn, Litli Jörfi rúmar 40 börn, það eru samtals 120 börn

Niðurstaða:

Foreldraráð Leikskólans Jörfa gerir ekki athugasemdir við breytingu á fjölda barna við Leikskólann Jörfa.

Hins vegar bendir foreldraráð á að leikskólaplássum í hverfinu hefur fækkað með lokun Vinagerðis og nú með lokun á Seli (stakstæðu húsi á bílastæði Jörfa) og leggur áherslu á að bætt verði upp fyrir töpuð leikskólapláss í hverfinu.

Með kveðju,

Foreldraráð leikskólans Jörfa